

**1990 nr. 54 16. maí****Lög um innflutning dýra**

**Tóku gildi 31. maí 1990.** *Breytt með* L. 40/1996 (tóku gildi 21. maí 1996), L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), L. 44/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999), L. 175/2000 (tóku gildi 29. des. 2000), L. 142/2001 (tóku gildi 31. des. 2001), L. 153/2002 (tóku gildi 30. des. 2002), L. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), bbl. 103/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), L. 116/2003 (tóku gildi 12. nóv. 2003), L. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), L. 128/2005 (tóku gildi 30. des. 2005), L. 141/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og L. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008).

■ **1. gr.** Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

*Búfé:* [Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> úr.]<sup>2)</sup>

...<sup>3)</sup>

*Dýr:* Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

*Einangrunarstöð:* [Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska [auk svína og erfðaeftnis þeirra].<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

*[Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.]<sup>4)</sup>

*Erfðaeftni:* Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

*[Fagråd:* Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsókn-um, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.]<sup>3)</sup>

*[Gæludýr:* Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búr-fuglar.]<sup>2)</sup>

*Sóttvarnadýralæknir:* [Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lög-um þessum.]<sup>3)</sup>

*Sóttvarnastöð:* Staður þar sem dýr og erfðaeftni eru geymd meðan rannsakad er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

*Umsjónardýralæknir:* Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 141/2007, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 116/2003, 5. gr.

■ **2. gr.** Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaeftni þeirra. [Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingar-hættu gilda lög um framkvæmd sannings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingar-hættu.]<sup>1)</sup>

□ [Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöld-um dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerða sem [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> set-ur að fengnum umsögnum [Matvælastofnunar],<sup>2)</sup> fisksjúk-dómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbún-aðarins. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar-

og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórn- valdsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfða- blöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.]<sup>3)</sup>

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaeftnis, [sbr. þó 4. gr. a],<sup>4)</sup> enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða sam- kvæmt þeim.

□ Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust lóg- að og skrokkum eytt svo að eigi stafi hættu af. Eggjum, sæði eða fósturvísnum skal á sama hátt eytt, svo og dýrum, sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

<sup>1)</sup> L. 164/2002, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>3)</sup> L. 116/2003, 6. gr. <sup>4)</sup> L. 141/2007, 2. gr.

■ **3. gr.** Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaeftnis skal hann skila rökstuddu áliti um heilbrigði- isástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sér- staklega þarf að óttast hér á landi.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 2. gr.

■ **4. gr.** Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaeftni þess er veitt skal ráðherra leita álits [fagráðs]<sup>1)</sup> í viðkomandi búgrein og skal [það]<sup>1)</sup> meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal [fagråd]<sup>1)</sup> gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

□ Nefndin<sup>2)</sup> getur lagt til annað form á innflutningi en um- sækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsundur fyrir meðmælum með umsókninni.

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 3. gr. <sup>2)</sup> Á væntanlega að vera fagråd.

■ **[4. gr. a.]** Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaeftni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða er- lendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim.

□ Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaeftnis fyrir innflutning.

□ Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn erfðaeftni úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2007, 3. gr.

■ **5. gr.** Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýra- tegundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> afla umsagnar [[Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands],<sup>2)</sup> [erfðanefndar landbúnaðarins]<sup>3)</sup> og sérfræðinganeftdar sam- kvæmt lögum um náttúruvernd].<sup>4)</sup>

□ [Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrateg-

undum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

□ Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um það með hvaða hætti áhættumat skuli fara fram.<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 164/2002, 17. gr. <sup>3)</sup> L. 116/2003, 7. gr. <sup>4)</sup> L. 44/1999, 79. gr. <sup>5)</sup> L. 167/2007, 31. gr.

■ **6. gr.** [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið]<sup>1)</sup> [hefur eftirlit með og ber ábyrgð á]<sup>2)</sup> innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. [Á sama hátt hefur það eftirlit með]<sup>2)</sup> framræktun kynja sem inn verða flutt, en [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> er þó heimilt að fela hana einstökum [búgreinasamböndum]<sup>2)</sup> eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi [fagråd]<sup>2)</sup> með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tíma- mörkum.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 175/2000, 4. gr.

■ **7. gr.** [Vegna innflutnings á dýrum og erfðæfni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.]<sup>2)</sup>

□ ...<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 175/2000, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 128/2005, 1. gr.

■ **8. gr.** Þegar dýr eða erfðæfni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvíska, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup> [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> skal setja reglur samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.

■ **9. gr.** [Einangra skal öll innflutt dýr og erfðæfni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.]<sup>2)</sup>

□ [Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> ræður sérstaklega til þeirra verka. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.]<sup>3)</sup>

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> setur, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> reglugerð<sup>4)</sup> um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöð-

ar skulu fá sérstök erindisbréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 116/2003, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 6. gr. <sup>4)</sup> Rg. 432/2003.

■ **10. gr.** Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðæfni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

□ Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neindir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðæfnis getur [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> heimilað að dýr eða erfðæfni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.

■ **11. gr.** Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi [fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 7. gr.

■ **12. gr.** Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísam, skulu valin af ráðunautum [Bændasamtaka Íslands]<sup>1)</sup> í viðkomandi búgrein og skal [Matvælastofnun eða fulltrúi hennar]<sup>2)</sup> ganga úr skugga um að þau séu eigi grunnuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjárkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarferðileikar eða skapgerðargallar.

□ Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur [Bændasamtaka Íslands]<sup>1)</sup> og/eða viðkomandi [fagråd]<sup>3)</sup> ástæðu til.

<sup>1)</sup> L. 40/1996, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 8. gr.

■ **13. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum, [fiska og erfðæfnis þeirra, svo og svína og erfðæfnis þeirra frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum]<sup>2)</sup> á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu [fagráðs]<sup>3)</sup> í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

□ [Innflutt erfðæfni svína má ekki flytja úr einangrunarstöð. Svín sem vaxið hafa af innfluttu erfðæfni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 153/2002, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 175/2000, 9. gr. <sup>4)</sup> L. 141/2007, 4. gr.

■ **14. gr.** [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimildýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgjist

reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.

■ **15. gr.** Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðaefnis þaðan. Rekstraraðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrir mælum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> í einu og öllu.

□ Eigendum er skylt að hlíta fyrir mælum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr.

■ **16. gr.** Heimilt er að geyma djúpfrost sæði eða fósturvísu utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrisögn [Matvælastofnunar].<sup>1)</sup> Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísu sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralæknir fara eftir fyrir mælum viðkomandi [fagráðs].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 175/2000, 9. gr.

■ **[17. gr.]**<sup>1)</sup> Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi [fagráðs]<sup>2)</sup> að nota frekar það erfðaeefni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hætta af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 175/2000, 9. gr.

■ **[18. gr.]**<sup>1)</sup> Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs.

Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>2)</sup> ef miklar sakir eru.

□ Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðaeefni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðaeefnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 82/1998, 196. gr.

■ **[19. gr.]**<sup>1)</sup> [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> setur reglugerð<sup>3)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> og [Bændasamtaka Íslands].<sup>4)</sup>

□ . . . <sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 70. gr. <sup>3)</sup> Rg. 27/1970 (um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum). Rg. 290/1980 (um varnir gegn hundaeði). Rg. 859/2002 (um innflutning loðdýra). Rg. 432/2003 (um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr). Rg. 527/2003 (um sýnatökuáætlanir o.fl. (fisksjúkdómar)). Rg. 787/2003 (um hálfjársæðingar og flutning fósturvísu). Rg. 935/2004 (um innflutning gæludýra og hundasæðis), sbr. 817/2005. Rg. 151/2005 (um varðveislu og nýtingu erfðaeðlinda í landbúnaði). Rg. 447/2005 (um lágmarksráðstafanir innan EES-svæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum), sbr. 710/2006. Rg. 448/2005 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins), sbr. 711/2006. Rg. 449/2005 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum), sbr. 712/2006. Rg. 985/2005 (um fiskeldisstöðvar). Rg. 739/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004). Rg. 740/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum). Rg. 741/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu). Rg. 1254/2008 (um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum). <sup>4)</sup> L. 40/1996, 2. gr. <sup>5)</sup> L. 76/2005, 29. gr.

■ **[20. gr.]**<sup>1)</sup> Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

<sup>1)</sup> L. 175/2000, 10. gr.